

Samþykkt stjórnar VR

Samþykkt stjórnar VR vegna hækkunar á vöxtum á sjóðfélagalánum hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

Eitt meginmarkmið nýgerðra kjarasamninga VR er að stuðla að vaxtalækkun sem eykur ráðstöfunartekjur heimilanna. Það var m.a. þess vegna sem samningarnir fengu viðurnefnið **lífskjarasamningar** því margt fleira er í spilunum en bara launahækkanir þegar kemur að bættum lífskjörum almennings.

Engum hefur dulist að ákvæði um vaxtalækkun var eitt mikilvægasta atriði kjarasamninganna og eldaði verkalýðshreyfingin grátt silfur við forystu Seðlabanka Íslands bæði fyrir og eftir samningagerð þannig að öllum ætti að vera ljóst hin gríðarlega mikla áhersla sem við höfum lagt á þetta samningsatriði.

Það kom því eins og þruma úr heiðskýru lofti þegar stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LIVE), sem skipuð er til helminga af fulltrúum VR tilkynnir þann 24. maí sl. að breytilegir vextir verðtryggðra sjóðfélagalána, sem eru nú 2,06% hækki í 2,26% frá og með 1. ágúst 2019. Ekki aðeins er tímasetning þessarar ákvörðunar algjörlega óskiljanleg í ljósi þess að blekið á undirskriftum okkar á kjarasamningi er vart þornað heldur hitt að þessi ákvörðun virðist lýsa algjöru skilningsleysi á þeirri miklu áherslu sem verkalýðshreyfingin lagði á vaxtalækkun í mjög erfiðum kjarasamningaviðræðum. Höfuðið er svo bitið af skömminni með þeirri ákvörðun stjórnar LIVE að hætta með opið og gagnsætt ákvörðunarferli þessara vaxtabreytinga og að ákvarðanir um vaxtabreytingar verði í framtíðinni einfaldlega ákveðin í lokuðu stjórnarherbergi. Þetta er gegn samþykkt á síðasta þingi Alþýðusambands Íslands þar sem sagði að almenningur ætti að fá að njóta með beinum hætti lækkunar vaxta á skuldabréfamarkaði. Þetta er afturhvarf til stjórnarháttá sem við hreinlega héldum að væri komið út úr myndinni. En svo er greinilega ekki.

Stjórn VR telur að ekki sé hægt að líta á þennan gjörning stjórnar Lífeyrissjóðsins nema sem algjöran trúnaðarbræst við félagið, stefnu þess og nýgerðan lífskjarasamning og leggur því til að haldinn verði fundur í fulltrúaráði VR hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna þar sem lögð verði fram tillaga að afturkalla umboð stjórnarmanna VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og ný stjórn skipuð til bráðabirgða.

Stjórn VR
18.06. 2019